



Ræða um framsókn, kommúnista, þjóðfélagsmál o.fl., flutt á Varðarfundum 1959

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Framsókn – Kommúnista – Þjóðfélagsmál – Varðarfundur - 1959

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Litklega nota á
Vantarfund 14. jan. 1959,
sbr. "referat" Mbl. 15/1/59.

Sú lífsspeki, sem felst í orðunum "Heiðra skaltu skálkinn, svo að skaði þig ekki" hefur atíð þótt vera heldur lítils sigld, og þeir, sem henni hafa fylgt ~~ger~~ gert sér hana að reglu, hafa yfirleitt ekki verið taldir ráða yfir ^{háleitunum} miklum hugsjónum eða vera miklir fyrir sér. Allra sízt hafa menn ætlað, að þessi regla gæti orðið nokkrum að leiðarljósi ~~eða áttavita~~ um það, hvernig ætti að stýra málum lands og lýðs. En svo hefur nú borið við, að sá flokkur á Íslandi, sem lengst hefur farið með völd, ~~hafa~~ hefur alveg aðýlega ~~(seinlínis)~~ opnað hug sinn í þessu efni á þann veg, að lengi mun verða í minnum haft.

~~Þann~~ kannast við það, að síðustu dagana hafa Framsóknarmenn mjög haft á orði, að eðlilegast væri og raunar eina úrræðið, úr því, sem komið er, að stofna þjóðstjórn, ~~þess~~. Mennirnir, sem fyrir þremur árum sögðu, að hér yrði engu komið í lag nema Sjálfstæðismenn væru settir úr leik, ~~þess~~ mennirnir, sem ~~glúta~~ forustu Hermanns Jónassonar, ~~sem~~ í ágústmánuði s.l. gerði sér ferð norður á Hólmavík til að lýsa þar yfir, sem helzta og mesta árangri þeirrar ríkisstjórnar sem hann stóð fyrir, að töliverðar ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að víkja Sjálfstæðismönnum til hliðar, þessir menn kunna nú ekki annað ráð vanna til að bjarga við, eftir sínar eigin ófarir, heldur en að gera þá breytingu

á stjórninni, ^{halla} sem var, að krefja Sjálfstæðis-
menn í hópinn, ~~krefja~~ þá í lið með sér.
Þetta er út af fyrir sig ^{erit} eftirtektarvert,
en þó er skýringin á þessu ennþá eftir-
tektarverðari.

Í Tímanum í gær stendur í forustugrein:

"Það er hins vegar alveg röng túlkun
hjá Morgunblaðinu, að Framsóknarflokkurinn
hafi borið þjóðstjórnartillöguna fram vegna
þess, að hann vanti einhverra sérstakra
úræða eða forustu frá Sjálfstæðisflokknum
í sambandi við efnahagsmálin. Því fer
fjarri", ^{þetta} segir Tíminn, ^{þetta} og hann útskýrir
þetta nánar á þann ^{veg} veg:

"Því er ekki að neita, að ein af veiga-
meiri ástæðum þess, að vinstri stjórnin féll,
yar hinn furðulegi áróður, er Sjálfstæðis-
flokkurinn beitti, innan hinna margklofnu
samtaka verkamanna. Hann fylgdi þar nákvæm-
lega í fótspor fyrri stjórnarandstæðinga.
Á öðrum sviðum gekk hann svo enn lengra en
fyrri stjórnarandstæðingar höfðu gert, eins
og t.d. þegar hann reyndi að spilla fyrir
nauðsynlegum lántökum erlendis. Þessi
vinnubrögð stjórnarnadstöðunnar fyrr og
síðar, voru ein af meginástæðum þess, að
Framsóknarflokkurinn vildi freista þess að
fá alla flokka í ábyrgt samstarf ^{þetta} ^{þetta}
þessum orðum er sagt eins skýrt og verða
má, að þeim mun meiri skaða, sem einhver
flokkur gerir þjóðinni að dómi Framsóknar-
flokksins, því ákafari sé Framsóknarflokkur-
inn ^{þetta} ^{þetta} eftir því, að fá þennan flokk í sam-

starf við sig.

Okkur Sjálfstæðismenn furðar ekki á óhróðri Framsóknarmanna um okkur. Við erum honum vanir. Við kippum okkur ekki upp við það. Þess eru ~~einu~~ ^{engin} engin dæmi, að Framsóknarmenn hafi harmað, þegar samstarfi okkar og Framsóknarflokksins hefur ~~þótt~~ ^{þeirra} ~~þveru~~ ^{þeirra} verið lokið, ~~það~~ ^{það} ~~það~~ ^{það} um sinn, ~~á~~ ^á þessum löngum samstarfs-tíma þessara flokka. Þá hefur Framsóknarflokkurinn ~~ætið~~ ^{ætið} talið það mikinn ávinning, að nú væri hann laus við skaðræðismennina í Sjálfstæðisflokknum. Þessi lýsing á okkur Sjálfstæðismönnum er engin nýjung. Við tókum hæfilega mikið mark á henni, það mark, sem best kemur fram í því, að ~~því~~ ^{því} fleiri og meira en það, landsmenn hafa sýnt okkur trúnað og fylgi, heldur en Framsóknarflokknum. Landslýðurinn gerir það ekki vegna þess, að við höfum reynzt honum illa, heldur af því, að við höfum reynzt honum vel. En Framsóknarflokkurinn metur menn eftir allt öðru og ~~þá~~ ^{þá} hlýtur óneitanlega að rifjast upp "að sækjast sér um líkir". ~~Þá~~ Framsóknarflokkurinn ~~þá~~ teljur þá kosti vænlegasta til samstarfs, sem hann veit sjálfan sig helzt búa yfir. Enda er það athyglisvert, að svo lítinn söknuð, sem Framsóknarmenn ~~ætið~~ ^{ætið} hafa sýnt þegar lokið hefur samstarfi okkar og þeirra. Þá geta þeir að þessu sinni ekki farið nógu mörgum orðum um það, hversu illa hafi til tekist, að ~~þessari~~ ^{þessari} stjórnin hafi nú hröklast frá. ~~Þá~~ Framsóknarmenn hæla sér

af því, bæði á Alþingi og í málögnum sínum, að þeirra flokkur og þeirra blöð, séu þau einu sem heils hugar og ágreiningslaust hafi staðið með hinnu látnu ^{U.} ~~Þingi~~ stjórn. En eins og ég sagði, þá felst í þeim orðum, sem ég áðan lýsti sú yfirlýsing, sem okkur er til þekktum kom engan veginn á óvart, heldur höfðum marg heyrt í samræðum okkar við þáverandi starfsbræður, þegar stjórnarsamstarfið var að gliðna á árinu 1956. Þá lýstu þeir því sama yfir, eins og kemur fram í Tímanum: Út af fyrir sig viðurkennum við skaðsemi kommúnistanna og misbeitingu þeirra á verkalýðssamtökunum, en engu að síður þá teljum við, að það sé eina ráðið til þess að koma í veg fyrir þetta tjón að kalla fulltrúa þeirra til samstarfs á einn eða annan veg. Þá létu þeir að vísu ekki svo, heldur þvert á móti sóru þeir fyrir að beint stjórnarsamstarf kæmi til greina við kommúnista sjálfa, en þeir lýstu því yfir að taka ætti upp eitthvert dularfullt og vandskýrt samstarf við Alþýðusambandið. Og það samstarf var sem sagt eingöngu byggt á þessari hugsun, að ef þessi öfl væru ekki kvödd til, þá gerðu þau ~~þeir~~ svo mikið tjón í þjóðfélaginu, að óviðunandi væri og þess vegna, vegna skaðseminnar, sem af starfsemi þeirra leiddi, átti að færa þau til hinna æðstu valda í þjóðfélaginu.

Við Sjálfstæðismenn við kunnum vel að meta og skiljum fyllilega hvað á bak við býr,

þegar Framsóknarflokkurinn býður okkur í þjóðstjórn með sér, jafnvel þó að ekki væri sú skýring við höfð, sem Tíminn hefur hér af hreinskylni gefið. Við vitum, að við eigum ekki von á heilshugar og einhuga samstarfi við Framsóknarflokkinn, seins og hans hugarástandi og forustu nú er komið.

Þeir fengu aðra í félag með sér.

Mennina sem þeir höfðu skammað mest í verkfallinu mikla 1955. Undirbjuggu síðan með meiri og minni launung samstarf við, jafnframt því, sem þeir sóru opinberlega að ekki skyldi með kommúnistum unnið. Samstjórn þessara manna var mynduð í júlí 1956 og skýringin gagnvart Framsóknarmannanna eigin samvizku og út á við raunar gagnvart Framsóknarmönnum inn á við var einnig því haldið fram og látið nægja, að þetta væri eina ráðið til þess að flokkurinn gæti haldið áfram að vera við völd. En forustumennirnir sjálfir hugguðu sig við og héldu fram gagnvart þeirri gagnrýni sem þeir hlutu, að þeir væru neyddir til að gera þetta vegna þess að ella mundi verðbólga, ángþveiti í fjármálunum gera allt efnahagslíf og atvinnuvegi á Íslandi óstarfhæfa.

Hver hefur nú reynslan orðið af þessu þokkalega samstarfi, sem tókst af því líkum grundvelli? Núverandi forsætisráðherra, Emil Jónsson, skýrði frá því í áramótaræðu sinni, að sérfræðingur ríkisstjórnarinnar, og ég hygg að það fari ekki á milli mála

að það sé Jónas Haralz, hafi látið uppi í einni álitserð sinni, að þar sem verðbólga hafi frá 1945 og fram á þennan dag að meðaltali aukist um 10% á ári, þá sé nú fyrirsjáanlegt, að ef ekki verði viðgert, þá mun á næstunni aukningin verða, að minnsta kosti, 20-30% á ári og þó sennilega meiri. Þarna er fengin viðurkenning þess manns, sem Framsóknarmennirnir hingað til óspart hafa vitnað til, að sá vandinn sem átti að vera afsökunin fyrir myndun vinstri stjórnarinnar, verðbólgan, það er svo langt frá því að við hann hafi ráðist við það að haga stjórn landsins, eins og gert hefur verið nú um 2½ árs skeið, að hann hefur stórlega vaxið frá því sem áður var. Og það getur engum blandast hugur um, að vandinn hefur ekki sízt vaxið vegna stjórnarháttanna sjálfra, vegna þeirra vopnlausu aðgerða, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir og mest hefur hálta sér af, eins og bjargráðanna á s.l. vori. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður um deilt. Staðreyndir, sem gerðu það að verkum, að Hermann Jónasson og án þess að hafa borið vandann undir Alþingi Íslendinga eða skotið máli sínu undir hina lögmætu fulltrúa þjóðarinnar, þá kom hann og tilkynnti á fundi Alþingis að hann væri búinn að segja af sér, af því að hann hafi orðið fyrir ósigri á þingi Alþýðusambands Íslands. Og hann lýsti því yfir, að svo væri komið, að ný verðbólguvalda væri þegar skollin yfir og að stjórn, sem hann hafði myndað, vægast sagt með óvenju-

legum hætti, til að ráða bót á verðbólgunni, hún kæmi sér ekki saman um nein ráð gegn verðbólgunni, heldur væri hér með sýnt heldur en að afleiðingarnar yrðu óviðráðanlegar af því að ekki höfðu verið gerðar þær raunhæfu ráðstafanir, sem valdhafarnir hefðu séð fyrir strax í maí að átti að gera. En lét undir höfuð leggjast að segja þjóðinni frá, hvað þá að bera fram tillögu á Alþingi eða rökstudd frumvörp um að nauðsynlegar og óhjákvæmilegar ráðstafanir yrðu gerðar til að fyrra ófyrirsjáanlegum vandræðum.

Það er ekki vegna þess að ég hafi löngun til að halla á fyrrverandi forsætisráðherra þó að sagt sé, að aldrei hafi stjórn fyrr hafið á Íslandi farið frá völdum með minni velsemi og með meiri glundroða og öngþveiti í höfuðvandamálum þjóðarinnar og þá alveg sérstaklega þeim, sem hún hafði tekið að sér að leysa.

Þegar ríkisstjórnin sagði af sér og leitað var til okkar Sjálfstæðismanna um myndun nýrrar stjórnar, þá hlaut eitt skilyrði af okkar hálfu að liggja alveg ljóst og óhjákvæmilega fyrir. Við hlutum að krefjast þess, að efnt yrði til nýrra Alþingiskosninga svo fljótt sem við yrði komið. Þetta var ekki einungis vegna þess, að ný viðhorf höfðu skapast í íslenskum stjórnámálum, heldur einfaldlega vegna þess, að á þingræðislegan hátt var ekki hægt að mynda ólýðræðislegan neina nýja stjórn með okkar þátttöku.

Stjórn sem ætti að starfa til frambúðar. Bæði Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur höfðu lýst yfir því á Alþingi, höfðu lýst yfir því fyrir þingkosningarnar 1956, að þeir mundu ekki starfa með Sjálfstæðismönnum eða kommúnistum. Þessi yfirlýsing var að vísu svikin af þeim, en þau svik gáfu okkur hvorki rétt né löngun til þess að taka saman við þá aftur til varanlegs samstarfs fyrir heldur en þjóðin hefði aftur fengið að kveða upp sinn dóm. Það var eðlilegt og sannast sagt óhjákvæmilegt, að við ætluðumst til þess, að þeir menn, sem höfðu fengið sín atkvæði á þeim forsendum að með okkur skyldi ekki verða unnið, að þeir gætu ekki til frambúðar náð samstarfi við okkur nema því aðeins að þeir kæmu sjálfir fram fyrir þjóðina og tækju aftur þetta loforð, þessa heitstrengingu um að með okkur skyldi ekki verða unnið. Allt annað hefði verið brot á réttum reglum lýðveldisins. En jafnvel þó að málefnalegur grundvöllur hefði verið fyrir hendi þá var ekki hægt að mynda meirihluta stjórn á Alþingi, sem gæti komið málum þar fram nema því aðeins að þessir flokkar, annar eða báðir, tækju þar þátt í. Einkum þegar á það er litið, að það er í raun og veru eins konar deild af Framsóknarflokkinum, sem er innan kommúnistaflokksins á sama veg eins og kommúnistar eiga sína deild innan Framsóknar og erfitt er þar til hlýtar að greina á milli.

En minnsta kosti var það ljóst, að samstarf okkar við Framsóknarflokkinn og Alþýðuflokkinn án þess að áður hefðu farið fram kosningar, samstarf til frambúðar gat ekki átt sér stað. Og þegar af þeirri ástæðu var allt tal um það að kosningum ætti að fresta til 1960 fjarstætt í okkar augum. Það voru frostnar forsemdir fyrir þeim yfirlýsingum, sem þessir flokkar gáfu við kosningarnar 1956, sem gerðu það raunar að verkum, eins og við bentum á strax veturinn 1956-57, að þá hefði átt að kjósa upp á ný, en hlutu að gera það sjálfsagt í okkar augum, að við gætum ekki gengið til samstarfs við þá, nema að undangengnum kosningum. Við hlutum því að miða allar okkar tillögur við það, að kosningar færu fram svo fljótt sem við yrði komið, sem þó með eðlilegum hætti, miðað við staðhætti á Íslandi getur ekki orðið fyrr en einhverntíma í vor, síðast í apríl þangað til fyrst í júní, nema algert neyðarástand komi til.

Þessu til viðbótar, þá voru það tvö mál, sem við hlutum að gera að skilyrði, að fyrst yrði, jafnvel þó að um bráðabirgðasamstarf væri að ræða. Annars vegar er það kjördæmamálið og hins vegar efnahagsmálið.

Kjördæmamálið er mikið rætt. Nú síðast í gær var haldinn hér í húsinu sérstakur umræðufundur á vegum Stúdentafélags Reykjavíkur, sem margir voru á og ég var því miður forfallaður frá að geta sótt. Ég get ekki gert því máli nein fullnaðarskil

í þeim orðum, sem ég mæli hér í kvöld. En það er alveg óumdeilanlegt, að svo brýn nauðsyn, sem var til þess fyrir síðustu Alþingiskosningar, að nýrri skipun yrði komið á í þessum efnum, þá var það með öllu óumflýjanlegt eftir þá reynslu, sem menn fengu af Hræðslubandalaginu. Nú er það orðið viðurkennt, beinlínis viðurkennt af málsvörum Hræðslubandalagsins, að þeir hafi í sameiningu fengið 5-7 fleiri þingmenn kosna af því þeir gengu í þetta bandalag, en þeir hefðu fengið ef þeir hefðu gengið fram hvor um sig, sem sérstakur flokkur, Alþýðuflokkur og Framsókn. Alþýðuflokkurinn telur sig einungis hafa fengið 1-2 fleiri heldur en hann hefði hlotið einn en segir Framsóknarflokkinn hafa hlotið 4-5 fleiri heldur en Framsókn hefði fengið upp á eigin spítur og Framsókn hefur ekki hækkat neinum mótmaðum við þeirri reikningsgerð. Enda lætur það nærri, að þessir flokkar hefðu miðað við það fylgi, sem þeir fengu, áttu að fá 18 þingmenn kosna sameiginlega ef ekki var á aðra hallað, en þeir fengu 25 þingmenn. Þegar reynsla er fengin fyrir því, að með rangindum er hægt að ná því líkri niðurstöðu, þá hlýtur það að vekja ómótstæðilega kröfu til þess að á þessu sé gerð leiðrétting og ekki sé aðeins fiktað við einhverja smáleiðréttingu, heldur verði komið á þeirri grundvallarbreytingu, sem sannast sagt er fyrir löngu orðin þörf á, þó að menn hafi viljað hliðra sér hjá bardaganum

í þeim efnum í lengstu lög. En þegar þeir, sem mest hafa hagnast á því, að menn hafa viljað láta undan og gott heita, það sem fyrir löngu er úrelt orðið. Þegar þeir grípa til þvílíkra ranginda, eins og gert var í Hraðslubandalaginu, þá þarf engan að undra þó að mælinn sé að alþjóð talinn fullur og miklu meira en það.

Það heyrast ýmsar einkennilegar kenningar um kjördæmamálið þessa daga. Framsóknarmenn þeir telja nú, að það eigi fyrst og fremst að fara eftir sögulegum rökum í þessu máli og vitna til hinna fornu goðorðaskipunar og þinga. Nú má ætíð deila um það, að hve miklu leyti er í nútíma þjóðfélagi hægt að fara eftir sögulegum rökum. En svo vill til, að ef söguleg rök eru réttilega skoðuð í þessu máli, þá hníga þau einmitt mjög að því, að Sjálfstæðismenn hafi í tillögum sínum um nokkur stór kjördæmi með 5-7 þingmönnum í hverju, komist furðanlega nærri þeim hætti, sem hér var strax tekinn upp af okkar frjálsum forfeðrum meðan þeir höfðu sitt eigið lýðveldi. Það er sem sagt algerlega rangt, sem Framsóknarmenn nú tala um kjördæmin, sem á Íslandi eru í dag sem hin fornu goðorð. Allir sem eitthvað þekkja til sögunnar vita, að goðorðin þau voru óstaðbundin. Að maður gat kosið sér hvern þann goða, sem hann vildi innan þess fjórðungs, sem hann sjálfur var búsettur í og það svarar mjög til þess, að samkvæmt okkar tillögum á að stækka kjördæmin verulega frá því sem verið hefur og menn að fá rétt til að velja

sem sinnfulltrúa, sem sinn goða eða þingmann þann sem er í því sem nú nánast svarar til fjórðunganna fornu. Réttskoðað er því sú skipun, sem við stingum upp á litlu líkari goðorðaskipuninni fornu heldur en kjördæmaskipunin sem nú er, er aftur á móti mynduð upp úr þeirri skiptingu, staðbundnu skiptingu landsins, sem tekin var upp ekki einu sinni á fyrstu árum

heldur á meðan danska veldið var hér alls ráðandi og eynd landslýðsins sem allra mest. Það eru leifar þess gamla skipulags, sem Framsóknarmenn eru nú að halda að okkur, sem einhverjum alveg sérstökum og ómetanlegum þjóðlegum verðmætum.

Ég véfengi ekki að það er eðlilegt að vissu leyti að menn haldi í það að hafa þingmann fyrir sína heimabyggð, það er eðlilegt og það á að haldast eftir tillögu okkar Sjálfstæðismanna, munurinn verður sá einn, að í stað eins eða tveggja þingmanna, sem hver maður hefur ^{beinan} ~~gráðan~~ aðgang nú, þá á hann að fá aðgang að fimm eða sjö og kjördæmin miðað við samgöngumöguleika og staðhætti eins og þeir eru nú orðnir, eru sízt svo stór að það sé ekki auðvelt, bæði fyrir þingmann og kjósendur að þekkja hvorn annan og hafa náð samband sín á milli. Nei, það sem Framsóknarflokkurinn hér harmar og það er möguleikinn til þess að geta í litlu kjördæmunum, eins og hann hefur gert að undanfögnu fylgst með hverjum einasta manni, og vitað um það hvernig hann greiðir atkvæði. Aldrei hefur meira falsfrumvarp verið flutt á þingi heldur enn þegar Framsóknarmenn í fyrra, létu löggesta að ekki mætti fylgjast með því af flokkum hvaða kjósendur kæmu á kjörstað til þess að greiða atkvæði þessir menn, sem ráða yfir samgöngutækjunum í sveitum, sem fylgjast með ferðum kjósenda

ekki aðeins á kjördag, heldur í gegnum sitt bókhald og skrá, sem þeir afla sér fyrir milligöngu kaupfélaganna. Geta fylgst með í smáu og stóru, hvernig nærri hverjum eyri er varið af kjósendunum, sem í umdæmi hvers þeirra kaupfélagsstjóra er. Þessir menn eru að bísnast yfir því að aðrir hafi löngun, til þess að fylgjast með því, í því skyni að greiða fyrir kosningu hvort einhver er búin að kjósa eða ekki. Nei, Framsóknarflokkurinn veit að hans sérstöku kosningarhefðum verður miklu ver beitt í kjördæmum þar sem eru nokkur þúsund kjósendur, heldur en þar sem kjósendur eru ef til vill fá hundruð eða eitt eða tvö þúsund. Það er þetta sem Framsóknarflokkurinn fyrst og fremst harmar og sér eftir og vill berjast að halda.

En meta ber að ekki sé horfið frá réttum sögulegum tengslum og arfleyfi í þessum efnum sem öðrum og eðlilegt að ekki sé hallað á neina byggð annarri til hags, þá er þó fyrst og fremst sem verður að hafa í huga og það er hið lifandi mannfólk í landinu.

Við þurfum ekki að taka fram að við elskum Ísland. En elskum Ísland af því að Íslenska þjóðin lifir í landinu og það er hennar land. Og kjördæmaskipunina verður að sníða eftir þörfum og kröfum Íslensku þjóðarinnar hverju sinni. Það ætti ekki að þurfa um það að ræða að slík breyting hefur orðið á lífsháttum þjóðarinnar og hvað hún býr í þessu landi á síðustu áratugum að fráleitt er að ætla að leggja lengur til grundvallar og reyna að

við þá kjördæmaskipun, sem skilin var eftir landsfólkinu meðan hér var svo að segja engin bær ekkert þéttbýli, heldur aðeins nokkrir tugi þúsunda dreifðir um landið. Ég gæti skilið að þar væri úr einni átt hreyft mótmælum og þeim sterkum gegn tillögum okkar Sjálfstæðismann

í kjördæmamálinu, ég gæti skilið að Reykvík-
ingar kæmu og segðu: Við erum jafngóðir
Íslendingar eins og aðrir við erum þessari
þjóð ekki síður nytsamir þegar heldur en
aðrir og gerum með því engan vegin lítið úr
öðrum. Og við unum því þess vegna ekki
lengur að okkar réttur sé miklu minni heldur
en annarra landsmanna. Þessvegna krefjumst
við þess skilyrðislaust, að við í þessu, sem öðru
fáum sama rétt og aðrir. Við viljum ekki meiri
rétt, en við förum fram á það að við verðum ekki
settir skör lægra en aðrir heldur en annað lands-
fólk. Ég gæti skilið að þessi rödd heyrðist.
Ég gæti skilið að Reykvíkingar segðu: Við erum
búnir að fá svo mikið af ranglæti, og sjáum
svo vel huginn sem bak við rangindin býr, að
við treystum engum öðrum til að tryggja okkur
réttlætið heldur okkur sjálfum og viljum þess
vegna fá jafnrétti og ekkert annað en jafnrétti.

Reykvíkingar hafa ekki talað á þennan veg.
Þeir viðurkenna að það sé eðlilegt, meðal
annars af sögulegum ástæðum: Meðal annar
af því að fólk úr í strjálbýlinu á við ýmsa
örðugleika að búa, sem við eigum ekki við að
búa. Það viðurkenna menn hér að ~~einhver~~
eðlilegt sé að einhver munur sé gerður á kosn-
ingarétti í þessum efnum. Að einhver munur,
en sá munur hann má aldrei verða svo mikill
að það sé algjör eðlismunur. Að menn telji
það sjálfsagt að Reykvíkingar undi því um alla
eylífð, að verða settir skör lægra, að njóta
minni réttar heldur en aðrir Íslendingar.
Og það verk verður að segjast eins og það er,
að þeim mun lengra sem gengið er í óbilgirninn
sem Reykvíkingum er sýnt, þeim mun harka-
legar, sem því er haldið fram að

Reykvíkingar séu ekki í eðli jafn rétt háir og aðrir Íslendingar, þeim mun meir mun þessi hugsunarháttur hefna sín. Þeim mun vonmin er að ætla að halda þessum mismun í réttindum upp til lengdar.

Allir sem hlotið hafa einhver forréttindi og forréttindi geta oft á ríkum rökum. Allir sem slíkt hafa hlotið og vita fótum sínum forráð, þeir gera það sjálfrax sín vegna, að slaka til á meðan tími er til á meðan sú beisk og óvild hefur ekki skapast, að málið se hægt að leysa í vinsemd og bróðerni. En ef halda á uppi rangsleitni, vísvitandi, skefjalausri og jafnvel vaxandi, þá getur það aldrei staðist til lengdar. Í þessu er ekki fólgin nein hótun. Það hefur engin sagt það, sem öll mannkynssagan sýnir okkur. Og hver maður sem vill skjálja þróunina, hlýtur að skilja að íslenska þjóðin verður sjálfrax sín vegna, en fyrst og fremst vegna fólksins, sem býr við hin erfiðari kjör út um land, það verður að leysa þetta mál í góðri vinsemd við Reykvíkinga og á þann veg að Reykvíkingar skilji sjálfir að það sé að velvild mælt, velvild til þeirra og velvild til þjóðarheildarinnar þegar við segjum: Þið eigið að sætta ykkur við það, að fá ekki fulla þingmannatölu miðað við það sem þið og við eigum þó tölulegan rétt til.

En ríkir þetta nú svo, ef vé, rangindi og klækir Framsóknarflokksins fá enn að eitra andrúmslöftið hver getur þá svarað hversu lengi þessi bróðernis og sanngirnisandi ríki meðal íslensku þjóðarinnar.

Þó að í þessu sé, þá sjást starfsaðferðir Framsóknar í því, að nú er hún farin að halda því fram, það það sé eiginlega ^{auðvelt} að leysa þessa vanda með því að vekja upp á ný stjórnarskrárnefnd, sem starfaði hér á árunum '47 - '53.

Í þeirri nefnd vorum við að hálfu Sjálfstæðisflokksins, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein og ég.

Það hvorki gekk né rak í störfum nefndarinnar og þá tókum við okkur til í nóvember '52 að við sömdum ítarlegar tillögur um þær breytingar sem við töldum ætti að gera á stjórnarskránni. Þar á meðal bentum við á að það yrði að endurskoða kjördæmaskipunina og settum það sem frumskilyrði, að samskonar kjördæmaskipun yrði að gilda á öllu landinu. Innan þeirra marka sögðum við að tvennt kæmi til, annað hvort nokkur stórkjördæmi og við vorum allir þrír sammála um að við töldum það vel koma til greina, eða einmenningskjördæmi, sem þá væri þannig fyrirkomist, að Reykjavík væri einnig skipt niður í svo mörg einmenningskjördæmi, að hún fengi nokkurn vegin jafnrétti á við aðra. Og þeirri tillögu vorum við Jóhann Hafstein sammála, en Gunnar Thoroddsen var á móti einmenningskjördæmunum.

Þessar tillögur lögðum við fram í nóv. '52. Engin fulltrúa hinna flokkanna, féllst á né hefur fram á þennan dag fengist til að taka afstöðu til þeirra tillagna, sem við þá bárum fram. Öðrum fulltrúa Framsóknar varð svo mikið um, að hann sagði sig úr nefndinni. Karl Kristjánsson, alþingismaður, sem hann fann aftur á móti upp á því að málinu yrði skotið til stjórnlagapings eða þjóðfundar, án þess að vildi nokkuð segja um sínar tillögur

um það hvernig frumvarpið ætti að vera, sem fyrir þann fund yrði lagt og bætti svo á síðara stigi þeirri merkilegu viðbót við tillöguna um þjóðfundinn, að til þjóðfundarins máttu allir hafa kjörgengi og samtök landsmanna máttu taka þátt í kosningabaráttunni, aðrir en stjórnsmálaflokkarnir.

Þau samtök fólksins, sem sérstaklega hafa fengist við stjórnsmál, þau áttu að vera þau einu sem áttu að vera útilokuð, frá því að megi skipta sér að undirbúningi stjórnarskrárinnar. Haldið þið nú ekki að mikið vit hefði komið út úr slíkri máls meðferð,? Þegar að allt þetta lá fyrir, þá kom okkur öllum í nefndinni saman um, að við yrðum minnsta kosti þangað til annað kæmi fram, að hætta störfum það þýddi ekkert að vera að þessu. Við yrðum að viðurkenna að við gætum ekki komið okkur saman um lausn vandans, sem okkur hafði verið fenginn. Og okkur var öllum ljóst, orsökkin til þess, hún var sú að okkur kom ekki saman um lausn kjörðæmamálsins. Að þessu var ekki verulega fundið að við hættum, allra sízt af Framsóknarflokkinum. Enda þótt að svo þegar þeir mynduðu sína vinstri stjórn 1956, þá var eitt af því sem þeir tóku upp í stjórnarsamninginn, að stjórnin ætlaði að beið sér fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar og kosningalaga og vinna að samkomulagi milli stjórnarflokkanna um málið. Þar með vorum við Sjálfstæðismenn, okkur var vikið til hliðar eins og Hermann Jónasson sagði í þessu máli eins og öðru. Okkur sagt að ekki þyrfti á okkar aðstoð að halda.

Þá síðastliðinn sunnudag muna Framsóknarmenn allt í einu eftir því að þessi nefnd hafi einu sinni verið til og það er nú nánast minni vanrækslu að kenna málið hafi ekki verið leyst, af því að ef við hefðum haldið áfram að starfa þá mundi málið vafalaust hafa fengið þá íhugun, sem það hefði þurft til þess að samkomu hefði náðst og mér er sagt á stúdentafundinum í gær, að allir fjórir Framsóknarmennirnir sem töluðu og allir hafi komið með skrifaða ræðu, flutt þennan sama boðskap. Þetta er nú auka-atriði en er þó ekki alveg einskis vert, vegna þess að við sem höfum fylgst með kjördæmamálinu. Við sjáum að hvenær sem það er tekið upp og í hvaða formi, sem það er tekið upp, þá hefur Framsóknarflokkurinn aðeins eitt úrræði. Hann hefur aldrei fengist til að segja til hlýtar, hvaða kjördæmaskipun hann vilji sjálfur. Nei hann segir aðeins, það þarf að athuga málið betur. Getum við ekki fundið nýja nefnd, ~~nefnd~~ ennþá. Getum við ekki kallað saman stjórnlagagæping. Getum við ekki kallað aftur saman nefnd. Getum við ekki samið um að fresta málinu í eitt eða tvö ár. Við megum ekki flýta okkur svona mikið að þessu.

Er þetta ekki alveg það sama og eins og þekkist, að blindu sérhagsmunamönnum, hvarvetna í mannkynssögunni. Þeir hafa aldrei á því að gefa eftir á meðan tími er til. Nei þeir vilja alltaf reyna að fá frest, reyna að skjóta sér undan, því sem þeir þó sjá þó blindir séu. Það hlýtur að vera og er óumflýjanlegt, og það er alveg víst að íslenska þjóðin hún er nú búin að fá nóg af þessum skollaleik. Og það voru

Framsóknarmennirnir sjálfir, sem með stofnun Hræðslubandalagsins fyrst og fremst sannfærðu menn um, að úrlausn þessa máls varð ekki lengur skotið á frest.

Varðandi efnahagsmálin skal það eitt sagt, að við Sjálfstæðismenn, gerum okkur auðvitað grein fyrir því, að mikill vandi er þar fyrir höndu og hann er margþættur. Ég minni þá það, að gagnstætt hinum flokkunum, þá sögðum við fyrir síðustu kosningar aldrei að efnahagsmálin væru auðlæyst. Ég minnst þess þvert á móti, að sérstaklega var ráðist á mig fyrir það, að ég hélt því fram, að menn yrðux að una við bráðabirgðalausn ofan á bráðabirgðalausn í þessum málum, þangað til þjóðin sjálf áttaði sig á því, að hún gæti ekki skipt meira heldur en hún aflaði. Þetta taldi Tíminn og Framsóknarmenn þá, merki um hið einstakasta úrræðaleysi.

Okkur tókst þó að halda öllu, ekki aðeins fljóttandi, heldur góðri atvinnu, sívaxandi framförum og hafa hemil á verðbólgu öll þau ár, sem við vörum við völd. En þegar mennirnir með miklu loforði eru búnir að vera við völd aðeins í tæpt tvö og hálf ár, þá er ástandið það sem ég lýsti áðan að verðbólgan í stað þess að vaxa um 10% á ári gegn fyrirsjáanlegum að minnsta kosti 20 - 30% og sjálfur forsætisráðherrann Hermann Jónasson lýsti yfir að ný verðbólga væri skollin yfir, afleiðingarnar væru ófyrirsjáanlegar meðan ekki næðist það samkomulag, sem reyndist ófáanlegt innan hans eigin stjórnar.

Dannig er vitnisburður reynslunar og vitnisburður sjálfs Hermanns Jónassonar um það hvernig honum tókst til og hans stjórn.

Við bentum á það strax Sjálfstæðismenn, að í þessu yrði að hafa þrjá áfanga. Sá fyrsti væri að koma á algjörri stöðvun verðbólgunna. Og við sögðum að ef það næðist ekki, þá myndi við hvergi nærri koma. Þarnaest og við bentum á ákveðin ráð til þess 6% grunnkaups-lækkun, þegar í stað. Auknar niðurgreiðslur Sparnað á ríkisfé. Og sérstakar ráðstafanir í fjárfestingarmálum. Þetta ~~yrðu~~ væru ráðstafanir, sem ekki yrðu um flúnar og gera yrði strax nú um eða upp úr áramótum. Síðan yrðu að gera margháttaðar aðrar ráðstafanir, sem þó mætti fresta fram yfir kosningar, sem yrður á næsta vori. Og um eðli þeirra ráðstafanna mætti deila og hafa mismunandi skoðanir, og þessvegna væri lang eðlilegast, að kjósendur sjálfir skæru úr við kosningar hvaða leið skyldi fara. Og við bentum á í sundurliðaðri samþykkt staðfest sem ~~samþykkt~~ var í flokksráði okkar hinn 18. des. hver þessi úrræði væru.

Við fórum ekki dult með að allar þessar ráðstafanir hlytu að hafa í för með sér, nokkr kjaraskerðingu fyrir almenning frá því, sem honum hefur minnsta kosti verið talin trú um, að hann væri búin að vinna fyrir. Við töldum það frumskilyrði hreint fram að mönnum og þeim sagt að þetta yrði að gera, að þjóðarheil krefðist að þetta væri gert og ef það yrði ekki gert, þá hlyti það að leita til þess, að fjármunirnir yrðu teknir af mönnum engu að síðu; aðeins á þeim mun óhagstæðari og þjóðinni í miklu óheillavænlegri hátt með atvinnustöðvun eða öðru slíku.

Þó að við teldum það frumskilyrði

einmitt af því að við teljum það frumskilyrði að komið sé framan að þjóðinni í þessu efni og henni sagt hver vandinn er, þá bendum við einnig á það, að því fer fjarri að við höfum hér á Íslandi til frambúðar að kvíða kjararýrnun eða kjaraskæðingu frá því sem nú er. Við sýndum fram á að auðlegð í landi okkar væri ærin. Í fossafli og hveraorku. Til þess að við gætum ef við hefðum vit og þroska til gert þær framtíðaráætlanir og ráðist í þau frambúðarfyrirtæki, sem gerði landsfólkinu auðvelt að lifa hér við betri kost en nokkru sinni áður. En að vísu væri forsendan þessáú, að við yrðum nú að gera nauðsynlegar ráðstafanir og ~~að menn yrðu í framtíðinni~~

að menn yrðu nú að gera nauðsynlegar ráðstafanir og að menn yrðu í framtíðinni að halda þannig á málum að líklegt væri að hægt væri að fá fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda til að koma þeim stórvirkjunum á, sem víst er að íslenska þjóðin getur ekki lifað góðu lífi til lengdar án þess að framkvæmdar séu. Þetta lögðum við fram í okkar plöggum, þegar við gerðum grein fyrir, þegar við ræddum við aðra flokka um hugsanlega stjórnarmyndun. Við sannfærðumst enn að það var ekki hægt að fá meiri hluta á Alþingi til þess að stiðja okkur í þessum efnum. Þá tók formaður okkar þá eðlilegu afleiðinu þar af, að hann sagði forseta Íslands, að hann gæti ekki myndað þingræðisstjórn.

Ég fullvissa ykkur um, að það var ekkert hægara fyrir Sjálfstæðisflokkinn, í desember, heldur en að mynda stjórn, ég vil segja með öllum flokkunum þremur eða hverjum flokkanna sem var, ef við vildum láta af þeim lágmarks skilyrðum, sem við töldum að væri nauðsynleg vegna þjóðarheilla. Og við sætum nú eftir á meira að segja, eins og ég gat um, þungu ámsæli af hálfu Framsóknarflokksins fyrir að hafa ekki gengið með honum í það, sem hann nú kallar En við Sjálfstæðismenn teljum að þannig eigi ekki að fara að. Við teljum, að það megi enginn stjórnmaður láta henda sig slíkt, sem Hermann Jónassona gerði 1956, ja, samkvæmt

boðerðinu annars vegar að hans eigin flokkur yrði stíð að vera við völd á hverju sem ylti og hins vegar, að hann yrði að heiðra skálkinn ^{svo} og hann skaðaði hann ekki og hann fór í stjórn án þess að hafa samið um raunverulega úrlausn nokkurs þess vandamáls sem fyrir var. Afleiðingin

blasir við okkur sem Hermann Jónasson hlaut og hann opinberaði Alþingi 4. desember s.l. Við skulum vona að slík óvirðing og smán hendi aldrei neinn Sjálfstæðismann. En í þessu sambandi er rétt að víkja að samstarfi við aðra flokka. Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn þeir lýstu því yfir 1956, eins og ég gat um, að þeir ætluðu ekki eftir kosningar, hvorki að vinna með Sjálfstæðismönnum né kommúnistum. Slíkar yfirlýsingar er eins heimskulegt að gefa og raun ber vitni.

Þeir fóru strax að kosningum loknum og sömdu við kommúnista og Framsóknarflokkurinn harmar nú daglega grátandi að hinn flokkurinn, sem hann var búinn að sverja að hann skildi aldrei vinna með, Sjálfstæðisflokkurinn, skuli ekki líka vera kominn í stjórn með honum. Og Alþýðuflokkurinn sem gekk á stökk og strengdi heit um leið og Framsóknarflokkurinn, hann hefur geð í sér til þess og sig

fyrir það að byggja okkar stuðning að við verðum að vantrausti. Þannig fer fyrir þeim, sem gefa heimskuleg loforð og þeim er mátulega, ja, ég skal ekki segja en þið getið

nærri, fyrir það að vera með slík gífur-
yrði.

Við Sjálfstæðismenn höfum aldrei gefið
slíkar yfirlýsingar. Við höfum ávitað þá
hina fyrir það að svíkja sín loforð um að
vinna ekki með kommúnistum. En við sjálfir
við gáfum aldrei slíkt loforð um að við
ætluðum aldrei að vinna með kommúnistum.
En við höfum fylgt öðru. Við höfum nú
sem fyrr sett skilyrði fyrir því hvenær
við vildum vinna með öðrum flokkum. Við
höfum aldrei gengið til samstarfs við aðra
flokka, þó að við höfum á þeim misjafnar
bifur, nema því aðeins að við hefðum fyrir-
fram tryggt okkur með ákveðnum samningum,
að lausn tiltekinna mála sé örugg. Alveg
á sama veg eins og þetta var gert þegar
nýsköpunarstjórnin var mynduð og eins og
nýsköpunarstjórnin sprakk, þegar kommúnistar
fóru að setja óaðgengileg skilyrði í útan-
ríkismálum. Alveg á sama veg settum við
núna fram okkar skilyrði og segjum, ja,
með þeim sem vilja fallast á þessi lágmarks-
skilyrði skulum við vinna, en þeim þýðir
ekki að tala við ef ekki á að ganga að þessum
skilyrðum og þýðir ekki að segja þar önnur
skilyrði, sem við teljum óaðgengileg. T.d.
eins og það, að við mundum aldrei semja um
það, og það lá alveg ljóst fyrir í þeim
viðræðum, sem áttu sér stað í vetur, að
við mundum aldrei semja um það að gera
Ísland varnarlaust. Við viljum heldur vera
án valda, heldur en að kaupa völdin því,

að setja okkar eigin þjóð í hættu. Þetta var og er stefna Sjálfstæðisflokksins.

Þegar það lá fyrir, að við gátum ekki myndað stjórn sjálfir og það reyndist líklegasta úrræðið, að Alþýðuflokkurinn tæki að sér að mynda stjórn með þeim hætti sem við töldum helst líklegan til að firra vandræðum, þá ákváðum við að skálja styðja hann eins og sagt hefur verið á þann veg að firra hann vantrausti.

Ég vil taka alveg skýrt fram, að af skilyrðum okkar er í raun og veru ekki tryggt að nema eitt gangi fram. Um það liggur alveg ótvíræð yfirlýsing forsætisráðherrans, svo ótvíræð að ekki kemur til mála að frá henni sé horfið og það er að kosningar verði í vor. Á hverjum sem veltur með afgreiðslu hinna málanna, þá er þetta yfirlýsing, sem forsætisráðherrann ekki aðeins hefur gefið okkur Sjálfstæðismönnum heldur einnig þjóðinni allri jafnskjótt og hann tók við völdum.

Varðandi lausn kjörðæmamálsins þá hef ég trú á því og sannfæringu fyrir að við munum ná samkomulagi við Alþýðuflokkinn um það. Og ef marka má orð kommúnista, þá ætti það einnig svo að vera að þeir settu ekki fótinn fyrir það. Ég vil þó aðvara menn um að telja það enganveginn víst að svo verði. Auðvitað þora kommúnistar ekki að snúast beinlínis á móti málinu, en menn skulu vera alveg við því búnir, að þeir reyni að skjóta inn einhverjum fleig

að finna einhverja áttillu til þess að geta snúist á móti málinu í Efri deild og þannig komið í veg fyrir að frumvarpið verði samþykkt. Til þess að þeir fari svo að, eða kunni að fara svo að, liggja ýmsar ástæður sem ég skal ekki rekja hér. Eitt öruggasta ráðið til þess að þeir þori ekki að fara þannig að, er það að tryggt er að kosningar verði í vor og þess vegna er það mjög mikilvert að við öll leggjumst á eitt um það að skapa nú þegar svo sterkt almenningsálit, sem gerir kröfur að þetta mál nái fram að ganga. Að þeir sem þora ekki annað heldur en segjast vera með því þeir kunna að bera svik í hjarta, að þeir láti svikin aldrei brjótast út, heldur haldi áfram að segja einnig með atkvæði sínu það sama og þeir gera í dag. En það er fullkomin ástæða fyrir okkur öll til að vera á varðbergi um þetta efni.

Varðandi efnahagsmálin þá liggja tillögur Alþýðuflokksins enn ekki fyrir. Það má þó segja að samkvæmt því, sem við höfum af þeim fregnað þá eru þær, hvað sem einstökum formatriðum líður, í aðalatriðum hinar sömu og við Sjálfstæðismenn settum fram, sem lágmarksskilyrði okkar um það sem gera þyrfti þegar í stað. Þannig að ef ekki verður breytt frá því, sem við enn höfum fregnað og Alþýðublaðið segir frá síðast í morgun, þá má ætla að Alþýðuflokkurinn beri fram aðgengilegar tillögur í þeim efnum.

Ég skal játa hreinskilnislega, að ég hefði talið réttara að fara í þessu aðra leið en Alþýðuflokkurinn hefur gert. Ég tel mjög hæpið að byrja með því, eins og Alþýðuflokkurinn, að borga niður vöruverð án þess að vera búinn að tryggja tekjuöflunina sem þarf til þess að standa fyrir niðurgreiðslunum. Þetta minnir um of á starfs- hætti vinstri stjórnarinnar sálugu og það minnir einnig um of á blekkinguna um það að hægt sé að lækka verðið án þess að nokkur finni fyrir þeim. En það er einmitt það, sem menn verða að átta sig á, það er ekki hægt. Þennan vanda er ekki hægt að lækna nema menn finni til þess. Alveg eins og það er ekki hægt að skera burtu innri mein- semd nema menn uppskurði. Það er hægt að deyfa, það er hægt að telja mönnum trú um að allt sé í lagi dálítinn tíma, en meinsemdin segir til sín, þanga til hún er skorin burtu og hún er nú orðin sve hattuleg, að uppskurðurinn má ekki dragast. Þess vegna tel ég, að það hefði verið ^{væn}varlegra að gera allt í einu, að frelsa vandamál flotans og láta hann ekki fara úr höfn fyrr heldur en tryggt var, að allir aðilar sem á þarf að sækja geri það ekki, sem þeir þurfa að gera til þess að hér sé hægt að lifa vandræðalaust. Þá fyrst hefðu menn fengið að sjá framan í þá alvöru, sem menn verða að sjá, til þess að átta sig á hvernig ástandið er í raun og veru.

Ég óska þess og vona einlægnlega að Alþýðuflokknum lánist að leysa málið eftir þeirri braut, sem hann hefur lagt inn á og við Sjálfstæðismenn við munum gera allt sem við getum til þess að styrkja hann í því. Það er alveg jafn rétt, að við gerum okkur sjálf, Sjálfstæðisfólkið, grein fyrir því, að minnsta kosti sumir okkar telja að þarna hefði betur önnur aðferð verið höfð þegar í fyrstu. En hvað sem því líður, þá skulum við hafa það í huga, að hér er einungis um fyrstu aðgerðina að ræða. Að margar verða að koma á eftir. En þær eru þess eðlis, eins og ég sagði, að þær meiga bíða eftir kosningum. Við Sjálfstæðismenn verðum fyrir þær kosningar og eftir ákvörðun landsfundar, sem haldinn verður í marz n.k., leggja fram sundurliðaða stefnuskrá um það hvað við hefðum teljum að gera þurfi bæði í bili og til frambúðar. Það er landsfundarins að kveða á um þá stefnu nánar og þess vegna skal hér ekki vísa veginn frekar inn á hana heldur en ég hef þegar gert í þeim orðum sem ég hefi mælt og þingflokkur og flokksráð gerði í samþykktinni frá 18. desember.

En við Sjálfstæðismenn við höfum haft kjark til þess að segja hiklaust í stuttu og vel skiljanlegu máli, hvaða aðgerðir þurfi að gera. Við bentum á það hvað þarf að gera í bili, hvað þarf að gera á næstu mánuðum og ársfjórðungum og einnig hvað gera þurfi á næsta áratug.

Við erum sannfærðir um það, að eins og við höfum átt, ekki einir en með öðrum, drjúgan þátt í framgangi og velfarnaði íslensku þjóðarinnar á undanförunum áratugum þá muni okkur einnig endast gefa til þess að benda þjóðinni á farsælustu leiðina til frambúðar vinnings.

Við Sjálfstæðismenn teljum það einnig ekki heillavænlegt að heiðra skálkinn til þess að hann skaði þig ekki. Við teljum að það eigi og verði að berjast á móti öllum óheillaöflum í þjóðfélaginu. Og við teljum það óheillaöfl, þó að við látum það vera, hvort þeir í sjálfu sér vilja vel eða illa, sem ^{með} verkum sínum hafa sýnt, að þjóðinni vegnar veir en áður þegar þeir eru við völd.

Við teljum að þjóðin eigi að læra af þeirri vág, sem hún hefur orðið fyrir, að hún eigi að víkja hinum ótrúa þjóni til hliðar en ekki veita honum meiri völd og virðing. Jafnframt þá um leið og við leggjum óhikað okkar stefnu og okkar skoðanir fram undir mat íslensku þjóðarinnar og biðjum einungis um að verða dæmdir af því sem við nú segjum og þjóðin tekur trúanlegt, miðað við það sem við áður höfum gert. Um leið og við biðjum um dóm þjóðarinnar á þessum forsendum, þá heitum við því að hafa samstarf við alla þá, sem með verkum sínum, hvar í flokki sem er, sýna að þeir skilja tímans kall og vilja Íslandi raunverulega vel. Við hljótum, að þó að við séum stór flokkur

og vaxandi, þá þurfum við enn á styrk og samstöðu, samstarfi margra manna að halda, sem hingað til hafa ekki verið okkur sammála. Við heitum á allt þetta fólk, að veita okkur brautargengi til þess að vegur Íslands megi verða meiri en nokkra sinni fyrr.